

Mál nr. 354/2016
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Ágreiningur um bótauppgjör vegna umferðarslyss 3.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 1.11.2016, ásamt fylgiskjöllum 1-5, ásamt tölvupósti M dags. 24.11.2016.
2. Bréf V dags. 22.11.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að kvörtun M beinist að eftirfarandi: „Niðurstöðu úr fyrra mati. Lögfræðikostnað. Aðdróttanir að hálfu félagsins [V]að [M].“ Í rökstuðningi fyrir kvörtun segir að lögfræðikostnaður hafi verið langt umfram uppgjör bóta og ekki hafi borist læknisfræðileg gögn til matsmanna vegna mistaka lögmanns M. M telur að lögfræðikostnaður hans sé fjártjón af völdum umferðarslyssins og telur að V hafi ekki greitt það tjón. Einnig vísar M til þess að gögn frá læknum og öðrum sérfræðingum sanni að hann sé óvinnufær langt umfram mat matsmanna. Að lokum vísar M til tölvupóstsamskipta sinna við V vegna tilvísaðra aðdróttana V og tilhæfulausra ásakana um tryggingasvik, V hafi týnt gögnum í upphafi málsins og tjón á bifreið þeirri sem hann ók í greint sinn hafi verið mikið.

V vísar til þess að gengið hafi verið frá uppgjóri bóta vegna umferðarslyss M eftir samþykki M með tölvupósti dags. 19.1.2016 um slíkt uppgjör. V telur ágreining þann sem nefndur er í málsskoti tæpast tækan til umfjöllunar hjá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Þá segir V að kvartanir M virðist snúast um niðurstöðu mats sem ekki hafi verið hnekk og óljósan ágreining við lögmann M. Þá hafnar V því að hafa verið með aðdróttanir í garð M enda ekki lögð fram nein gögn af hálfu M sem styðji slíkar ásanir.

Álit.

Kvörtun M byggist að hluta á óánægju hans með niðurstöðu fyrirbyggjandi mats vegna líkamstjóns. Þeirri matsgerð hefur hins vegar ekki verið hnekk með annarri matsgerð eða gögnum sem sýna með óbyggjandi hætti að forsendur hennar séu rangar. Einnig liggur fyrir að M hafi samþykkt bótauppgjör á grundvelli þeirrar matsgerðar með tölvupósti 19. janúar sl.

Ekki er fyllilega ljóst í málskoti á hverju M byggir varðandi ágreining um greiðslu ætlaðs lögmannskostnaðar vegna málsins en ekki liggja fyrir gögn sem sýna að hann hafi greitt lögmanni fyrir slíka þjónustu vegna þessa tiltekna máls eða mögulegan ágreining við lögmann um greiðslu slíks kostnaðar. Þá leggur M ekki fram nein gögn sem sýna skýrlega ætlaðar aðdróttanir V í hans garð og er óljóst hvernig það tengist ágreiningi um greiðslu bóta. Kröfugerð í málinu er óljós og engin gögn eru lögð fram í málinu sem renna stoðum undir það að M eigi rétt til frekari bótagreiðslna af hálfu V, auk þess sem ekki var gerður fyrirvari við lokauppgjör af hans hálfu þann 19. janúar sl. þegar bætur voru greiddar. M á því ekki rétt á frekari bótagreiðslum frá V.

Niðurstaða.

M hefur ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Reykjavík 15.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.